

Norræni loftslagsdagurinn 2010: Ritgerðasamkeppni

klimanorden.org

Markhópur: Nemendur í framhaldsskóla frá 15 til 19 ára

Skrifið 2 A4-síður um loftslagsbreytingar og vistið á klimanorden.org. Ritgerðaefni er frjálst og verkefnið má vinna í tengslum við fag eða þemaviku í skólanum. Verkefnið má vera, hvort heldur, einstaklingsverkefni eða hópverkefni.



- Veitt verða ein norræn verðlaun að upphæð 5.000 danskar krónur.
- Veitt verða ein verðlaun í hverju landi að upphæð 1.000 danskar krónur.

Dómnefnd velur verðlaunaverkefnið. Við val á verðlaunaverkefnum leggur dómnefnd til grundvallar faglegt innihald, skapandi tjáningu og áhrif sem hugmyndin getur haft.

Verkefni: Skriðið 2 A4-síður um „loftslagsbreytingar“

Ritgerðin má að hámarki vera 2 A4-síður (2400 tákn á síðu) að lengd og ekki styttri en ein síða. Efnið getur verið eitt af eftirfarandi málefnum:

- Hver er meginástæðan fyrir loftslagsbreytingum?
- Hvernig getur þú haft áhrif þannig að samfélagið verði loftslagsvænt?
- Hvers vegna er loftslagsvæn tækni ekki nýtt meira en raun ber vitni?
- Hvernig getum við þróað betra og loftslagsvænna samfélag?
- Lýsið og skilgreinið heildarhugmynd að nýjum loftslagsvænum vinnuaðferðum eða framleiðsluaðferð.
- Hvernig verður líf þitt/ykkar í framtíðinni með eða án loftslagsbreytinga?
- Hvernig hafa loftslagsmál áhrif á heimsmálin?
- Skrifaðu ritgerð um græna framtíðarsýn fyrir skólann, menntastofnunina, sveitarfélagið eða landið þitt.

Orðið „loftslagsbreytingar“ þýðir fyrst og fremst loftslagsbreytingar sem orðið hafa af mannavöldum, skv. IPCC (IPCC er stofnun innan Sameinuðu þjóðanna og stendur fyrir Intergovernmental Panel on Climate Change).

- Þú/þið verðið að skrifa ritgerðina sjálf.
- Í ritgerðinni mega ekki vera myndir eða teikningar, sem falla undir höfundarétt, þ.e. myndir eða teikningar, sem aðrir hafa ljósmyndað eða teiknað. Ef þið viljið myndskreyta, teiknið þá sjálf myndir.

Þú/þið megið geta heimilda sem fengnar eru á Netinu, í bókum eða skýrslum, en það verður að taka fram hvaðan upplýsingarnar eru teknar (geta heimildar).

Verkefnið verður að vista á loftslagskortinu á klimanorden.org fyrir 11. nóvember 2010 kl. 24 á vefsíðunni www.klimanorden.org/2010/essay/